



Kópavogi, 30. júní 2026
26063107/204.00 ABS

Minnisblað – lenging opnunartíma sundlauga í Kópavogi um helgar.

Efni: Mat á lengingu opnunartíma sundlauga í Kópavogi um helgar, með hliðsjón af mönnun, öryggismálum og rekstri.

Til skoðunar eru breytingar á opnunartíma sundlauga í Kópavogi um helgar. Slíkar breytingar hafa í för með sér umtalsverð áhrif á rekstur, skipulag og starfsmannahald sundlauga og kalla á fyrirhyggju og góðan undirbúning.

Starfsmannahald

Breytingar á opnunartíma hafa bein áhrif á skipulag vinnutíma starfsfólks. Í dag vinna starfsmenn sundlauga eina langa vakt um helgar. Lenging opnunartíma leiðir til tvískiptingar og styttingar vakta. Slíkar breytingar á vaktatöflum starfsmanna hafa bein áhrif á kjör starfsmanna og því þyrfti að segja núverandi vaktatöflum upp með þriggja mánaða fyrirvara í samræmi við kjarasamninga.

Miðað við þær forsendur að opnunartími um helgar verði lengdur um tvo tíma í einni sundlaug má gera ráð fyrir að ráða þyrfti allt að 20 nýja starfsmenn í hlutastarf í viðkomandi sundlaug til að manna tvískiptar vaktir um helgar. Svo umfangsmiklar ráðningar geta tekið 2-3 mánuði.

Öryggismál og gæði þjónustu

Miklar kröfur eru gerðar til öryggismála í sundlaugum og þar er þjálfun starfsfólks í forgangi. Nýtt starfsfólk þarf að ganga í gengum umfangsmikla þjálfun og skyndihjálparnámskeið, auk þess að standast sundpróf og björgunarhæfni, áður en það getur hafið störf. Starfsmenn hafa sótt vikulengt námskeið í þessum tilgangi og er hámarksfjöldi þátttakenda 12 á hvert námskeið. Þjálfun og aðlögun nýs starfsfólks tekur því umtalsverðan tíma og krefst skipulagningar.

Breytingar á opnunartíma geta jafnframt haft áhrif á álag, viðbragðsgetu og eftirlit og því afar mikilvægt að stjórnendur fái svigrúm til að undirbúa breytingar með starfsfólki svo vel fari.

Rekstur

Við útreikninga á kostnaðaráhrifum slíkra breytinga er mikilvægt að meta aukinn launakostnað og áhrif á tekjur og aðsókn ásamt auknum kostnaði vegna þrifa og viðhalds.



Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að breytingar á opnunartíma sundlauga eru umfangsmiklar aðgerðir sem varða starfsmannahald, þjónustu og öryggi gesta í sundlaugum. Það er því mikilvægt að gefinn sé nægur fyrirvari til að tryggja faglega innleiðingu og skipulag breytinga. Jafnframt er æskilegt að breytingar séu innleiddar í skrefum og hugað að áhrifum á aðsókn og ánægju gesta og frekari ákvarðanir teknar með hliðsjón af því.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Gunnar Guðmundsson
Deildarstjóri Íþróttadeildar

